

Djúpavogshreppur

Gauti Jóhannesson  
Bakka 1  
765 Djúpavogi



Reyðarfjörður, 8. nóvember 2018  
Tilvísun: 2016080025  
AEJ/  
Tilv. ykkar:

## **Efni: Hringvegur um Berufjörð. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna aukinnar efnistöku í námu Svartagilslæk (A15) í Berufirði**

Vegagerðin sækir hér með um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í námu Svartagilslæk (A-15) í Berufirði. Sótt er um leyfi til að taka allt að 284.000 m<sup>3</sup> vegna lagningar Hringvegar um Berufjörð.

Eins og komið hefur fram á samráðsfundum Umhverfisstofnunnar, Vegagerðarinnar og Djúpavogshrepps er ljóst að efnistaka úr námu í Svartagilslæk (A-15) er þegar umfram það sem áætlað var. Það kemur til vegna mikils sigs á efni í sjófyllingu sem ekki var fyrir séð áður en framkvæmdir hófust.

Í umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi 15. september 2016 var fyrirhuguð efnistaka í námunni sýnd og skilgreind með útlínunum á teikningu. Vísað var í efnistöku samkvæmt Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020. Nú er ljóst að þær útlínur sem sýndar voru hafa útvíkkað og efnistaka hefur orðið umfram það sem skilgreint var.

Í aðalskipulagi segir um Svartagilslæk (N25), jarðmyndanir, mjög áberandi framskið sem sést vel frá þjóðvegi. Gerð er tillaga um að svæðið verði hverfisverndað sem náttúrufyrirbæri og megi ekki spilla með jarðraski, trjágróðri eða öðru því sem getur valdið sjónrænni mengun. Segir jafnframt í aðalskipulagi að í Svartagilslæk sé náma í einkaeign, með mól/fyllingarefni, áætluð að stærð 70.000 m<sup>2</sup> og efnismagn 210 þúsund m<sup>3</sup>, notkunaraðili sé Vegagerðin.

Vegna efnistöku í námunni hefur Vegagerðin verið í samskiptum og samráði við Umhverfisstofnun og fulltrúi stofnunarinnar komið á verkstað í tvígang. Efnistaka hefur jafnframt verið í nánú samráði við landeiganda sem lítur jákvætt á efnistöku sem er honum til hagsbóta í landmótun og ræktun.

Fimmtudaginn 25. október hittust á staðnum tveir fulltrúar Djúpavogshrepps, tveir fulltrúar Vegagerðarinnar og einn frá Umhverfisstofnun og fóru saman yfir málin.

Umhverfisstofnun hefur lagt til að leitast verði við að mynda náttúrulegar bugður í farveginn með áherslu á að skrið á efni fylli ekki farveginn. Lögum og dýpt verði með þeim hætti að draga úr líkum á landbroti. Rúlluplast og heyrúllur verða fjarlægðar úr farveginum þar sem slíkt er sýnilegt. Stofnunin hefur bent á að ákveðin hætta sé fólgin í því að skrið í farveginum geti flutt það mikið efni neðarlega í farveginn að lækurinn fljóti yfir bakka og beri með sér efni í tún. Til að minnka líkur á þessu hefur hún bent á að færa efnistöku upp fyrir núverandi þjóðveg og minnka þar efnismagn sem borist getur í farveginn.

Þess utan hefur Umhverfisstofnun hefur lagt til að í vel grónu landi utan ræktarlands ætti að sá rýgresi í skeringar og háa vegfláa. Þó ætti ekki að sá efst í fláa næst vegkanti.

Umsögn Umhverfisstofnunnar er jafnframt á þá leið að umgengni í námunni sé góð sem og sá frágangur sem lokið hefur verið við. Við frágang og vinnslu námunnar verður farið eftir ofangreindum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar í samráði við landeiganda.

Virðingarfyllst,



Anna Elín Jóhannsdóttir

Deildarstjóri